

Sp. 387. Tillaga til þingsályktunar [197. mál]
um vísindalega rannsókn á lifnaðarháttum æðarfugls.

Flm.: Þorleifur K. Kristmundsson, Ingi Tryggvason.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að láta framkvæma vísindalega rannsókn á lifnaðarháttum æðarfugls.

Greinargerð.

Frá upphafi Íslandsbyggðar hafa hlunnindi af æðarfugli verið nokkur þáttur í afkomu Íslendinga og þannig liður í afkomu þeirra bænda, sem búið hafa á varpjörðum.

Það er því ekki vansalaust fyrir okkur, að ekki hefur enn farið fram héraendis nein vísindaleg rannsókn á lifnaðarháttum æðarfuglsins. Bestu upplýsingar héraendis um æðarfuglinn mun að finna í grein eftir Eyjólf Guðmundsson á Illugastöðum á Vatnsnesi, sem birtist í Skírni, og í bæklingi eftir sr. Sigurð Stefánsson í Vigur frá 1914.

Nú mun væntanleg í Náttúrufræðingnum þýdd grein um rannsókn á æðarfugli við Bretland.

Brýna nauðsyn ber því til að við Íslendingar látum rannsaka æðarfuglinn vísindalega, og er það jafnvel enn brýnna þegar skýrslur um dúntekju sýna að hún hefur minnkað að mun frá síðustu öld og fyrri hluta þessarar aldar.

Ekki er hægt að gefa neinar ákveðnar skýringar á fækkun æðarfugla síðan á árum síðari heimsstyrjaldarinnar, en vafalítið er ollumengun stríðsáranna og eftirstríðsáranna stór þáttur ásamt mjög mikilli fjölgun vargfugls, tilkomu minkins í lífríki Íslands og svo auknum netalögnum allt í kringum landið vegna vaxandi hrognkelsaveiða.

Meðalútflutningur á dún á árunum 1864—1913 mun hafa verið nálægt 3400 kg, en á árunum 1943—1960 er meðaltal allrar dúntekju aðeins um 2100 kg og á árinu 1977 virðist dúntekja rösklega 2200 kg.

Þessar tölur sýna okkur að tekjur dúnbænda og þá um leið þjóðarbúsins hafa minnkað stórlega á síðustu árum.

Dúntekjur ársins 1977 hafa verið reiknaðar samtals 96 445 173 kr. á verðlagi þess árs, en hefðu orðið tæplega 150 millj. ef dúntekja hefði verið eins og meðaltalið 1864—1913.

Greinilegt er af þessum tölum, að mikil röskun hefur orðið á lífi æðarfuglsins og því brýn nauðsyn á að bæta þar úr, en slíkt verður því aðeins gert að við felum náttúrufræðingum okkar að gera viðtæka vísindalega rannsókn á lifnaðarháttum hans við Ísland.